



Aðkomutorg

Háeyjar - nýtt hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði

Höfn í Hornafirði hefur þá sérstöðu að vera þéttbýlasti staðurinn á stóru svæði á Suð-austurlandi. Þar hefur byggst upp öflugt samfélag og mikil gróska er í menningarlífi. Atvinnulífið byggist að miklu leyti á fiskiðnaði, samhlöða túrísma sem hefur aukist hin síðustu ár. Nýtt hjúkrunarheimili er mikilvægur þáttur fyrir áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins á Höfn í Hornafirði, það styrkir það og gefur íbúum bæjarins tækifæri á að búa alla ævi í sinni heimabyggð. Hjúkrunarheimilið nefnist Háeyjar og dregur nafn sitt af kennileiti, eyjum í norðvestri.

MEGIN HUGMYND

Markmið hönnunar að nýju hjúkrunarheimili fyrir Höfn í Hornafirði er að skapa heimili þar sem mannúð og virðing fyrir íbúum, starfsfólki og gestum er í hávegum höfð. Nútímavíðmið um hjúkrunarheimili eru höfð til hljóðsónar og skapaður er vettvangur fyrir öruggan og hlýlegan samastað. Leitast er við að skapa eina heild með núverandi byggingu, en tekið er tillit til forms og efnis hennar. Byggt er við núverandi byggingu, ás byggingar er framlengdur úr norðri til suðurs og rými raðast upp þvert á ásinn þannig að byggingin myndi eins konar greiðu. Nýbyggingin er brotin upp í smærri og mannvænar einingar, með mænispökum á meðan græna tengingin um húsið er lægri og með flötu þaki. Innblástur er sóttur úr landslaginu í kring, sem er einstaklega fallegt. Byggingin stendur við ströndina með útsýni á haflið, í ríki Vatnajökuls og óræfanna.

LÓÐARHÖNNUN

Viðbygging hjúkrunarheimilisins er suðvestanvert á hæð í um 3-6 metra hæð yfir sjó. Aðalinngangur á efri hæð hússins er á austurhlíð og þar er aðkomutorg sem er í skjóli fyrir vindi. Við torgið er jafnframt inngangur að kapellu. Á suðvesturhorni lóðarinnar er gróðurhús og ræktunarsvæði fyrir íbúa, en þetta svæði var áður ræktunarsvæði íbúa á Höfn og gæti með aðstoð bæjarbúa auðgað mannlíf á lóðinni.

Nýtt og skjólgott garðsvæði er aðgengilegt frá inngangi á aðkomuhæð og tengist gönguleið til vesturs og að gróðurhúsi, en tæplega 90 metrar eru frá útgangi aðkomuhæðar að góðurhúsi. Núverandi aðkoma niður að jarðhæðinni er endurskoðuð til að þess bæta aðgengi fyrir aðföng, starfsfólk og frágang á sorpi. Um lóðina liggja nokkrir nýir stigar til þessað komast um lóðina í styttri eða lengri gönguferðir. Gert er ráð fyrir endurbættum gönguleiðum við Víkurbraut og tengingum að strandstígnum. Gróður er við aðalinngang, í nýja garðinum á milli húshluta - sem íbúar njóta einnig innan frá og í tengslum við gróðurhúsið. Lagt er upp með látaust gróðurval með stofntrjá og lágum undirgróðri, bæði til að tryggja betra skjól á völdum stöðum og gott útsýni frá húsinu.

INNRA SKIPULAG

Umferðarflæði
Gott flæði og skýrar leiðir eru innan byggingar. Aðalinngangur er staðsettur miðlægt við umferðarás, þaðan sem bein tenging er út í garð til vesturs á neðri hæð. Samsíða útegg gegnt aðalinngangi liggur stigi niður á jarðhæð byggingar. Op yfir stiganum gerir hann mjög sýnilegan og eykur tengsl eininganna og hvetur til samskipta. Umferðarásinn er framlengdur frá núverandi byggingu og frá honum liggja tengingar til megin svæða hússins. Þessi leið um húsið er eins konar græn tenging byggingar, þar eru gólfisíör gluggar, plöntur - sem auka vellíðan og gefa heimilislegan blæ - og svæði til þess að setjast niður og slaka á. Þessi hluti byggingar þjónar sem beltí á milli einkarýmanna og opnari svæða hússins.

Skipulag rýma - aðkomuhæð

Götu megin og austan við umferðarás hússins eru opnari rými hússins, auk þjónusturýma og starfsmannastöðu. Við hlið aðalinngangs á

aðkomuhæð er hágreiðslustofa og fótisnyrting, en inngangur í þau rými er bæði innan- og utanhúss, þau geta því nýst öðrum bæjarbúum en bara íbúum hússins. Fjölnotasal og dagvist er hægt að nýta saman, en þau, ásamt iðjubjálfun, tengjast beint umferðarás. Þau rými eru einnig með beinar tengingar út og er því möguleiki á að nýta þau óháð starfsemi hjúkrunarheimilis. Hinum megin við aðalinngang, norðan megin þess, er skrifstofa stjórnarmanna og fundarherbergi. Á horni hússins er svo kapella sem er innangangur fyrir íbúa og gesti hússins, en er einnig með sér inngang. Góð tengsl eru við líkhúsið, sem einnig tengist sjúkrarymum. Sérstakur inngangur er á svæði fyrir sjúkrarymin, en þau tengjast vel núverandi heilbrigðisstofnun. Sjúkrabjálfun er þar fyrir miðu, en dagsbirta er tryggð með ofanljósum. Vestan við umferðarás er gengið inn í hjúkrunareiningar, sem eru 2x10 herbergi á aðkomuhæð. Þeim er lýst nánar fyrir neðan.

Skipulag rýma - jarðhæð

Á jarðhæð austan megin umferðarás er framreiðslueldhús sem er í góðum tengslum við lyftu. Búningsaðstaða starfsmanna er þar við hliðina á. Tæknirými og ræstimiðstöð hússins eru einnig á jarðhæð. Vestan við umferðarás er gengið inn í hjúkrunareiningar, sem eru 1x10 herbergi á jarðhæð. Þeim er lýst nánar fyrir neðan.


Hjúkrunareiningar

Tvær hjúkrunareiningar eru á aðkomuhæð og ein á jarðhæð. Allar byggja þær á sama lögmáli: Þegar komið er inn í eininguna er aðstaða starfsmanna (kol, þvottur, lyfjagerbergi, salerni og starfsmannarými). Við taka svo herbergin sem raðast upp hlið við hlið og eru spegluð á vixl til þess að samnýta lagnastokka fyrir baðherbergin. Leiðarljóss við útfærslu herbergjanna er


hámarksnýting, þægindi, útsýni, birta og hönnun m.t.t. hreyfihamlaðra. Hvert herbergi er með innkot fyrir svalir eða pall sem hægt er að ganga út á, en þannig er meira skjól fyrir vindi. Herbergjaraðir eru tvær, til norðurs og suðurs, suðurlengjan er styttri og því opnast rými út með útsýni til suðurs og vesturs þar sem eldunaraðstaða og stofa íbúa eru staðsett. Þess er gætt að skilrúm sé að gangi svo hljóð truflí ekki. Hægt er sameina tvö herbergi fyrir þör í hverri einingu.

EFNISVAL

Við val á efni byggingar er horft til gæða, hagkvæmni og umhverfissjónarmiða. Nýbyggingin er byggð úr CLT-einingum, "cross laminated timber" eða einingum úr krosslimdu timbri. Þannig er hægt að flytja tilbúna einingar á verkstað sem bæði flýtur ferlið og er vistvænna en staðsteypa. Einingarnar eru einangraðar að utan og klæddar hvítri læstri áklæðningu, en það stuðlar að því skapa eina heild með núverandi byggingu sem er hvít. Mænispök á nýbyggingunni kallast á við hallandi þök núverandi byggingar, en snúa 90° gagnvart stefnu þeirra. Á völdum stöðum er gert ráð fyrir "pergölu" úr tré sem myndar vindskjól og byrgir sýn inn. Í innkotum byggingar er gert ráð fyrir tréklæðningu, s.s. í svalainnkotum. Á jarðhæð er gert ráð fyrir hlöðnum steini í klæðningu, grágrýti, en það tengist ströndinni sem er skammt frá. Á svölum er gert fyrir fallvörn úr galvaniseruðu flatstáli. Á gólfum er gert ráð fyrir slitsterku parketti. Í Núverandi bygging er endurbætt og skipulögð upp á nýtt. Allir léttir veggir eru fjarlægðir, en burðarstrúktúr byggingar heldur sér. Gluggar eru stækkaðir og hurð bætt við fyrir aðgang að svölum og pöllum. Í núverandi byggingu eru ofanljós sem eru nýtt áfram, en nokkrum er bætt við eftir þörfum.



Stækkun



Notkun



Skipulagsuppráttur, mkv.1:2000




Afstöðumynd, mkv.1:500



Yfirlitsmynd horft úr austri



Grunnmynd aðkomuhæð, mkv.1:200



Ásýnd austur, mkv.1:200



Snið 1 / ásýnd norður, mkv.1:200




Ásýnd suður, mkv.1:200



Ásýnd vestur mkv.1:200



Grunnmynd jarðhæð, mkv.1:200



Snið 2 / ásýnd vestur, mkv.1:200



Dæmi um stofu

0906121

